

**Nd. 516. Nefndarálit**

um frv. til l. um sölu á spildu úr Neslandi í Selvogi.

Frá minni hluta landbúnaðarnefndar.

Eins og segir í álitni meiri hl. n., dags. 6. þ. m., gat nefndin ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Vill meiri hl. n. samþykkja frv. óbreytt, en við viljum láta fella það.

Það skal þó tekið fram, að nefndin var sammála um að reyna, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi við Nesbóndann, sem var staddur hér í bænum, um að unnið yrði að því, að rikissjóður bætti honum, enn frekar en orðið er, þann fjárhagslega skaða, sem hann teldi sig hafa orðið fyrir við missi landsins árið 1935, eftir því sem um kynni að semjast við hann. Var nefndin á einu máli um, að þetta væri hin æskilegasta lausn málsins og eðlilegasta.

Var tveim nefndarmönnum falið að tala við bóndann um þetta, en samkomulag mun ekki hafa náðst, að okkur skilst vegna þess, að bóndinn í Nesi vildi ekki fara þessa leið, heldur eingöngu halda sig við þá leið, sem frv. gerir ráð fyrir.

Ástæðan til þess, að við viljum ekki samþykkja frv., er sú, að það hefur greinilega sýnt sig, meðal annars undanfarna vetur, að sandfokshættan er svo nálægt bæjardýrum Selvogsbúa allra, að miklum sandi verður nú á hverju vori að moka af túnum, ef gróðurinn á ekki að kafna þar að miklu leyti. Við teljum, að það muni auka verulega á þessa hættu að taka það svæði, sem hér er deilt um, úr sandgræðslugirðingunni og beita það. Reynslan hefur skorið úr um það, að ekkert dugir til að græða upp á ný blásin sandsvæði, nema fullkomin friðun landsins, sérstaklega fyrir allri beit. Það er því nokkurn veginn víst, að ef þetta um rædda landsvæði væri nú tekið til beitar, mundi sandfokshættan í Selvogi stóraukast. Þar við bætist svo, að sandgræðslustjóri telur, að færsla sandgræðslugirðingarinnar geri vörzlu þess svæðis, sem eftir verður, ófullkonnari og ótryggari. Loks leggjum við svo mikið upp úr umsögn sandgræðslustjórans um þetta mál, að við teljum ófor-svaranlegt að samþykkja frv. gegn eindregnum mótmælum hans. Að öðru leyti leyfum við okkur að vísa til áður birtra gagna í máli þessu, bæði frá sandgræðslustjóra, hreppsnefnd og fleiri íbúum Selvogshrepps, ályktun Búnaðarsambands Suðurlands, búnaðarþings 1943 o. fl., sem óþarft þykir að taka hér upp á ný.

Alþingi, 11. marz 1943.

Bjarni Ásgeirsson,      Emil Jónsson,  
form.                              frsm.